

Leiðbeiningar til veitinga- og gististaða vegna hámarksfjölda og nálægðartakmarkanna

Sóttvarnaráðstafanir vegna COVID-19 sem taka gildi 31. október 2020

1. Rekstraraðili [brífur og sóttgreinsar](#) sameiginleg [rými](#) og snertifleti a.m.k. tvisvar á dag.
2. Frá og með **31. október** er hámarksfjöldi í hverju sóttvarnarými **10 manns** (börn fædd árið 2015 og síðar eru ekki talin með).
3. Virða ber 2 metra náandarreglu á milli ótengdra einstaklinga.
4. Starfsfólk ber að vera með grímu sem og gestir nema þegar þeir sitja til borðs.
5. Börn fædd 2011 og síðar eru undanþegin 2 metra reglu og grímuskyldu.
6. Auðvelt og áberandi aðgengi að handþvottaaðstöðu og handspritti þarf að vera til staðar.
7. Skilti þarf að vera við inngang að matsal og einnig í móttöku gististaðar sem segir fólki að spritta hendur á leið inn og út. Handspritt þarf að vera til staðar á þessum stöðum.
8. Takmarka þarf samneyti á milli aðskildra ferðahópa.
9. Hver matsalur er eitt sóttvarnarými, hægt er að skipta upp í fleiri rými sjá hér að neðan.
10. Eldhús er eitt rými.
11. Matsalur, hægt er að skipta honum upp þannig að það eru að hámarki 10 manns í hverju rými. T.d. 9 gestir og 1 þjónn. Enginn samgangur á að vera milli rýma.
12. Það má skipta matsal þannig að alltaf séu auð borð í röð sem skipta salnum og búa þannig til lokað rými. Ef þessi leið er notuð skal tryggja að það sé einn metri á milli rýma.
13. Halda skal tveggja metra reglu á milli borða/hópa.
14. A.m.k. eitt salerni þarf að vera til staðar og sérmerkt fyrir hvert og eitt sóttvarnarými.
15. Fjölskyldur og hópar sem hafa verið í miklu samneyti áður geta setið við sama borð.
16. Kokkar og starfsfólk í eldhúsi eiga að vera í eldhúsi og bera matinn fram að dyrum aðskildra rýma. Þar taka þjónar við sem aðeins þjóna einu sóttvarnarými.
17. Kokkar og starfsfólk í eldhúsi eiga að hafa sér inngang og salerni.
18. Þvo skal mat- og vínseðla á milli gesta/borða eða hafa á rafrænu formi eða einnota.
19. Ekki er mælt með hlaðborðum en ef boðið er upp á hlaðborð:
 - a. Komið fyrir gegnsærri hlíf á milli matarhlaðborðs og andlit gesta ef hægt er.
 - b. Hafið handspritt við borðið þar fólk sækir diska, hnífapör og kaffi. Spjald skyldi minna gesti á að sóttgreinsa hendur áður en þeir byrja að fá sér af borðinu.
 - c. Skiptið um áhöld á hlaðborði á 30 mínútna fresti á meðan hlaðborð er opið.
20. Huga að flæði fólks á hlaðborði til að hindra flöskuhálsa og að 2 metra regla sé virt.
21. Tryggja þarf að ekki myndist örtröð í forstofu eða við inngang. Ef ekki er hægt að virða reglu um nándarmörk í rými þarf að bjóða upp á andlitsgrímur.
22. Ef eitthvað er óljóst notið þá netspjallið á www.covid.is